

Erlent hlutabréfasafn ÍV

Rekstrarfélag verðbréfasjóða ÍV hf.

Tilkynning til fjárfesta og yfirlýsing rekstraraðila

Fjárfesting í hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða er á ábyrgð hvers fjárfestis fyrir sig. Fjárfestar eru hvattir til að kynna sér efni útboðslýsingarinnar ítarlega og fylgiskjöl hennar. Verða fjárfestar fyrst og fremst að reiða sig á eigin dómgreind þegar þeir taka ákvörðun um að fjárfesta í verðbréfasjóðnum með hliðsjón af væntingum um ávöxtun, ytri aðstæðum, eigin aðstöðu og þeirrar áhættu sem í fjárfestingunni felst. Kaup á hlutdeildarskírteinum í verðbréfasjóði er í eðli sínu áhættufjárfesting sem byggir á væntingum en ekki lofordum.

Á engan hátt ber að skoða útboðslýsingu þessa sem loford til fjárfesta um árangur í rekstri eða um ávöxtun fjármuna af hálfu verðbréfasjóðsins, Rekstarafélags verðbréfasjóða ÍV hf. eða annarra.

Fjárfestum er bent á að leita til óháðra sérfræðinga um ráðgjöf við mat á hlutdeildarskírteinum í verðbréfasjóðum sem fjárfestingarkosti. Þá er fjárfestum bent á að kynna sér ítarlega lagalega stöðu sína, svo sem skattaleg atriði sem kunna að eiga við um viðskipti þeirra með hlutdeildarskírteini í verðbréfasjóðum.

Útboðslýsing þessi hefur að geyma upplýsingar sem eru fjárfestum nauðsynlegar til þess að geta metið kosti þess að fjárfesta í verðbréfasjóðnum Erlent hlutabréfasafn ÍV, sem rekinn er af Rekstrarfélagi verðbréfasjóða ÍV hf. Útboðslýsingin er unnin samkvæmt lögum nr. 128/2011 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði og reglugerð nr. 792/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði.

Undirritaður framkvæmdastjóri Rekstrarfélags verðbréfasjóða ÍV hf., kt. 491001-2080, Strandgötu 3, 600 Akureyri, lýsir því hér með yfir, að útboðslýsing þessi er gerð eftir bestu vitund, í fullu samræmi við staðreyndir sem þekktar eru á útgáfudegi útboðslýsingarinnar og hefur engu mikilvægu atriði verið sleppt er gæti haft áhrif á mat á eignarhlutdeild í sjóðnum.

Akureyri 16. desember 2011

Jón Helgi Pétursson
framkvæmdastjóri

Yfirlýsing söluaðila

Rekstrarfélag verðbréfasjóða ÍV hf. hefur samið útboðslýsingu þessa í samráði við Íslensk verðbréf hf., kt. 610587-1519, Strandgötu 3, 600 Akureyri sem meðal annars hefur með höndum markaðssetningu og sölu á eignarhlutdeild í verðbréfasjóðnum.

Undirritaður fyrir hönd Íslenskra verðbréfa hf. lýsir því yfir að útboðslýsing þessi er samin eftir bestu vitund og í fullu samræmi við staðreyndir sem þekktar eru á útgáfudegi útboðslýsingarinnar.

Akureyri 16. desember 2011

Einar Ingimundarson
Framkvæmdastjóri

Yfirlit útboðslýsingar – helstu atriði

- Verðbréfasjóður:** Erlent hlutabréfasafn ÍV er verðbréfasjóður skv. lögum nr. 128/2011, um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestastjóði. Fjárfestingarheimildir koma fram í kafla útboðslýsingarinnar um fjárfestingarmarkmið. Sjóðurinn fjárfestir í erlendum hlutabréfum sem skráð eru í viðurkenndum kauphöllum.
- Rekstrarfélag:** Rekstrarfélag sjóðsins samkvæmt I. kafla laga nr. 128/2011 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði er Rekstrarfélag verðbréfasjóða ÍV hf., kt. 491001-2080, Strandgötu 3, 600 Akureyri.
- Vörslufyrirtæki:** Vörslufyrirtæki sjóðsins, sbr. 20. gr. laga nr. 128/2011, er Íslensk verðbréf hf., kt. 610587-1519, Strandgötu 3, 600 Akureyri, sem annast umsjá og varðveislu fjármálagerna sjóðsins í samræmi við II. kafla C laga nr. 128/2011, um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestastjóði.
- Starfsemi:** Tilgangur sjóðsins er að veita viðtöku fé frá einstaklingum og lögaðilum til sameiginlegrar fjárfestingar í fjármálagerningum og öðrum eignum á grundvelli áhættudreifingar samkvæmt gildandi fjárfestingarstefnu sjóðsins.
- Fjárfestingarstefna:** Fjárfestum er bent á að kynna sér sérstaklega kafla í útboðslýsingu um fjárfestingarmarkmið, fjárfestingarstefnu sjóðsins og áhættur tengdar því að eiga eignarhlutdeild í sjóðnum.
- Söluaðili:** Íslensk verðbréf hf., kt. 610587-1519, Strandgötu 3, 600 Akureyri.
- Kaup- og sölugengi:** Gengi hlutdeildarskírteina sjóðsins mun breytast á sölutímabilinu í samræmi við breytingar á gengi verðbréfa og peningamarkaðsskjala sem sjóðurinn á hverju sinni. Eignarhlutdeild í sjóðnum skal innleyst að kröfu eigenda á því kaupgengi sem gildir í dagslok á innlausnardegi.
- Arðgreiðslur:** Arði og öðrum hagnaði af verðbréfaeign sjóðsins skal bætt við höfuðstól sjóðsins.
- Fjárhæð:** Lágmarksfjárhæð viðskipta er 3.000 kr.
- Réttindi:** Allir, sem eiga eignarhlutdeild í sjóðnum eiga sama rétt til tekna og eigna sjóðsins í hlutfalli við eignarhlutdeild sína.
- Hægt er að nálgast þau skjöl sem vitnað er til í útboðslýsingu þessari hjá Íslenskum verðbréfum hf.

1. Upplýsingar um verðbréfasjóðinn

1.1. Stofnun, heiti og deildarskipulag verðbréfasjóðsins

Erlent hlutabréfasafn ÍV, hér á eftir í útboðslýsingu þessari kallaður 'sjóðurinn', er verðbréfasjóður og starfar samkvæmt lögum nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði og reglugerð nr. 792/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Sjóðurinn var stofnaður í desember 2006. Nafni sjóðsins var breytt 2011 en áður hét sjóðurinn BRIK hlutabréfasjóður. Sjóðurinn fjárfestir í erlendum hlutabréfum sem skráð eru í viðurkenndum kauphöllum.

Sjóðurinn er ekki deildaskiptur.

Sjóðurinn lýtur eftirliti Fjármálaeftirlitsins.

Sjóðurinn var áður í umsjón Rekstrarfélags SPRON. Með ákvörðun FME, dags. 21. mars 2009, tók FME yfir vald hluthafafundar SPRON, vék stjórn frá störfum og skipaði skilanevnd yfir starfsemi SPRON. Með ákvörðuninni lagðist hefðbundin starfsemi niður að verulegu leyti, m.a. var lokað fyrir viðskipti með hlutdeildarskírteini í öllum sjóðum í umsjón Rekstrarfélags SPRON. Með samningi, dags. 25.05.2009, var samið um að Rekstrarfélag verðbréfasjóða ÍV hf. tæki við hlutverki rekstrarfélags sjóðsins af Rekstrarfélagi SPRON og að Íslensk verðbréf hf. tækju við hlutverki vörslufélags af Arion.

1.2. Markaðssetning, þjónusta og upplýsingagjöf við fjárfesta og eigendur eignarhlutdeildar í sjóðnum

Rekstrarfélag sjóðsins, sbr. kafla 5.1 í útboðslýsingu þessari, hefur með samþykki Fjármálaeftirlitsins útvistað verkefnum til Íslenskra verðbréfa hf. Útvistun verkefna hefur ekki áhrif á ábyrgð rekstrarfélags gagnvart eigendum hlutdeildarskírteina sbr. 2. mgr. 18. gr. laga nr. 128/2011.

Íslensk verðbréf hf. annast þjónustu við þá sem fjárfesta í sjóðnum eða óska eftir upplýsingum í tengslum við fyrirhugaða fjárfestingu í sjóðnum og annast milligöngu um útgáfu skilríkja eða hlutdeildarskírteina fyrir eignarhlutdeild í sjóðnum svo og sölu og innlausnum eignarhlutdeildar.

Íslensk verðbréf hf. veitir einnig alla nauðsynlega upplýsingagjöf til þeirra sem eiga eignarhlutdeild í sjóðnum.

1.3. Upplýsingagjöf til fjárfesta og eigenda eignarhlutdeildar í sjóðnum

1.3.1. Birting ársreikninga og hálfársuppgjör

Endurskoðaður ársreikningur Rekstrarfélags verðbréfasjóða ÍV hf. ásamt ársskýrslu er aðgengilegur innan 10 daga frá undirritun og eigi síðar en þremur mánuðum eftir lok reikningsárs, sem er frá 1. janúar til 31. desember. Hálfársuppgjör sjóðsins liggur frammi á starfsstöð rekstrarfélagsins í síðasta lagi 45 dögum eftir lok hvers uppgjors til afhendingar án endurgjalds til hlutdeildarskírteinishafa. Í ársskýrslu og árshlutauppgjörum rekstrarfélagsins eru sérgreindar upplýsingar um sjóðinn.

1.3.2. Hvar má nálgast reglur og reglulegar skýrslur um starfsemi sjóðsins

Upplýsingar um rekstur verðbréfasjóðsins er að finna á heimasíðu sjóðsins hjá [Rekstrarfélagi](http://www.rviv.is) verðbréfasjóða ÍV hf., www.rviv.is, og á starfsstöð rekstrarfélagsins.

1.4. Skattaleg meðferð eignarhlutdeildar í sjóðnum; skil á fjármagnstekjuskatti

Hagnaður af innlausn eignarhlutdeildar verðbréfasjóðsins er skattskyldur á Íslandi. Skattskyldur hagnaðar ákvarðast samkvæmt lögum um tekju- og eignarskatt nr. 90/2003 og mynda eignarhlutdeild í sjóðnum stofn til greiðslu eignarskatts.

Vörslufyrirtæki sjóðsins, Íslensk verðbréf hf., sér um að standa skil á fjármagnstekjuskatti samkvæmt 3. gr. laga nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, en hann leggst á þegar eignarhlutdeild í sjóðnum er seld með hagnaði eða þegar tekjur eru greiddar af eignarhlutdeild.

Frekari skattlagning kann að eiga sér stað hjá fjárfestum, t.d. varðandi aðila búsetta í öðrum löndum en á Íslandi. Fjárfestar eru hvattir til að leita sér faglegrar ráðgjafar óháðs ráðgjafa á sviði skattamála varðandi skattalega meðferð á eignarhlutdeild í sjóðnum.

1.5. Slit sjóðsins eða samruni

Fari markaðsvirði samanlagðra eigna sjóðsins undir kr. 100.000.000 skal stjórn rekstrarfélags sjóðsins kanna hagkvæmni þess að slíta sjóðnum fyrir eigendur eignarhlutdeildar eða sameina hann öðrum sjóði eða sjóðum.

Tillaga um slit eða samruna sjóðsins skal tekin af stjórn Rekstrarfélags verðbréfasjóða ÍV hf. Tilkynna skal ákvörðun sérhverjum eiganda eignarhlutdeildar um ákvörðunina með bréfi og fylgja með því upplýsingar um eign hans í sjóðnum. Ákvörðunin skal einnig auglýst í dagblöðum.

Tilkynning til eigenda eignarhlutdeildar skal eftir atvikum annað hvort hafa að geyma skilmálaskrá um slit á sjóðnum eða samrunaskrá þar sem samruna sjóðsins við annan eða aðra sjóði er lýst. Þar skal tilgreina dagsetningu gildistöku slitanna eða samrunans. Tilkynningin skal að lágmarki send út þremur (3) vikum fyrir fyrirhuguð slit eða samruna.

Í þeim tilfellum þar sem um samruna sjóðs er að ræða við aðra sjóði skal í fyrrgreindri tilkynningu benda eigendum eignarhlutdeildar í sjóðnum á að á framangreindu tímabili geti eigendur eignarhlutdeildar sem ekki eru samþykkir samrunanum krafist innlausnar á allri eignarhlutdeild sinni í sjóðnum samkvæmt þeim skilmálum sem gilda um innlausn.

Komi til slíta sjóðsins skal Rekstrarfélag verðbréfasjóða ÍV hf. koma eignum sjóðsins í verð með hagsmunum hlutdeildarskírteinishafa í fyrirrúmi. Skal hreinum afrakstri af slíkum slitum, að frádregnum öllum kostnaði þeim tengdum, deilt niður á eigendur eignarhlutdeildar í réttu hlutfalli við fjölda eininga í eigu hvers þeirra. Rekstrarfélaginu er heimilt að deila niður eignum sjóðsins í heild eða að hluta til með framsali á verðbréfum til eigenda eignarhlutdeildar í sjóðnum (*e. 'distribution in kind'*) á sanngjarnan hátt. Endurskoðandi sjóðsins skal staðfesta skiptingu eigna.

Afrakstur uppgjör sjóðsins sem enn er ógreiddur eftir lok skiptameðferðar, skal falinn rekstrarfélaginu til vörslu um sex mánaða tíma frá lokum skipta. Við lok þessa tímabils skulu eignir sem ekki hefur verið gerð krafa til, faldar Íslenskum verðbréfum hf. til vörslu, í þágu þeirra er í hlut eiga.

1.6. Endurskoðun verðbréfasjóðsins

Endurskoðandi sjóðsins er KPMG Endurskoðun Akureyri hf., Glerárgötu 24, 600 Akureyri.

2. Eignarhlutdeild í sjóðnum

2.1. Æðsta vald í málefnum sjóðsins og reglur hans

Rekstrarfélag verðbréfasjóða ÍV hf. fer með æðsta vald í málefnum sjóðsins, setur honum reglur, sbr. 11. gr. laga nr. 128/2011 og getur gert breytingar á þeim. Breytingar á reglum sjóðsins öðlast ekki gildi fyrr en að fenginni staðfestingu Fjármálaeftirlitsins sbr. 3. mgr. 12. gr. sömu laga.

Eigendum eignarhlutdeildar er tilkynnt um sérhverja breytingu á reglum sjóðsins í samræmi við ákvæði laga nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestingsjóði.

Tillaga um slit sjóðsins og samruna við aðra sjóði skal fara eftir reglum sjóðsins, sbr. kafla 1.5 í útboðslýsingu þessari.

2.2. Skilríki fyrir eignarhlut í sjóðnum; útgáfa hlutdeildarskírteina og réttindi tengd eignarhlutdeild í sjóðnum

Sjóðurinn gefur ekki út hlutdeildarskírteini að meginstefnu til en óski sá sem á eignarhlutdeild í sjóðnum eftir því að fá hlutdeildarskírteini gefið út, er það gert að beiðni þess sem fjárfest hefur í sjóðnum.

Á hlutdeildarskírteini skal nafn sjóðsins tilgreint, hvert er rekstrarfélag hans, hvert vörslufyrirtæki hans er, nafn og kennitala upphaflegs eiganda hlutdeildarskírteinis og númer þess. Auk þess verða upplýsingar um hvernig hlutdeildarskírteini verða innleyst, hvaða reglur gilda um arðgreiðslur auk nafns og kennitölu framsalshafa, hafi skírteini gengið kaupum og sölum án innlausnar þess. Hlutdeildarskírteini skulu vera dagsett og undirrituð af stjórn rekstrarfélags sjóðsins eða þeim sem hún hefur gefið umboð til þess. Nafnritunin má vera prentuð eða sett fram á annan sambærilegan hátt.

Óski eigandi ekki eftir hlutdeildarskírteini fær hann skrifleg skilríki fyrir eignarhlutdeild sinni sem staðfesta eignarhlutdeild í sjóðnum og tilgreinir kaupverð í krónum, fjölda hluta í sjóðnum og gengi á keyptum hlutum.

Við kaup á hlutum í sjóðnum er gefin út bráðabirgðakvittun sem einungis tilgreinir þá fjárhæð sem keypt er fyrir, enda er kaupgengi ekki þekkt fyrr en tveimur dögum eftir að kaupin áttu sér stað.

Sjóðurinn býður ekki upp á útgáfu hlutdeildarskírteina í formi rafbréfa.

Allir sem eiga eignarhlutdeild í sjóðnum eiga sama rétt til eigna og tekna í hlutfalli við eign sína og eru skilríkin eða hlutdeildarskírteinin staðfesting á hlutdeild til verðbréfaeignar sjóðsins.

2.3. Eigendaskipti á eignarhlutdeild í sjóðnum

Tilkynna skal eigendaskipti á eignarhlutdeild í sjóðnum til Íslenskra verðbréfa hf. Slíkar tilkynningar, ásamt öðrum upplýsingum sem berast varðandi eignarhald á eignarhlutdeild í sjóðnum, eru færðar inn á skrá og heimildar tilkynningar getið.

Aðili, sem eignast eignarhlutdeild í sjóðnum við nauðungarsölu eða á annan hátt án atbeina eiganda, skal þegar í stað tilkynna Íslenskum verðbréfum hf. um eigendaskiptin.

2.4. Hvar er hægt að kaupa eignarhlutdeild í sjóðnum?

Hægt er að kaupa eignarhlutdeild í sjóðnum hjá Íslenskum verðbréfum hf. Nánari upplýsingar veita ráðgjafar hjá Íslenskum verðbréfum hf.

2.5. Kaup og innlausn eignarhlutdeildar í sjóðnum

Eignarhlutdeild í sjóðnum er eingöngu seld gegn staðgreiðslu kaupverðs. Sjóðurinn gefur út skilríki eða hlutdeildarskírteini í einingaformi. Lágmarksfjárfesting hluta er kr. 3.000 að söluverði.

Beiðni um kaup og innlausn á hlutum, sem Rekstrarfélagi verðbréfasjóða ÍV hf. berast fyrir kl. 14:00 á virkum degi, ber að afgreiða á þriðja opnunardegi (T+3). Beiðnir, sem berast eftir fyrrgreinda tímasetningu, tilheyra næsta opnunardegi og ber að afgreiða á þriðja opnunardegi þaðan í frá (T+3).

Ekki er greiddur út arður af eignarhlutdeild í sjóðnum. Arði og öðrum hagnaði af eignum sjóðsins skal bætt við höfuðstól sjóðsins.

2.6. Sala og innlausn eignarhlutdeildar og mat eigna verðbréfasjóðsins

2.6.1.Sölugengi eignarhlutdeildar

Sölugengi eignarhluta í sjóðnum breytist í samræmi við breytingar á markaðsaðstæðum, enda grundvallast gengi eignarhlutdeildar í sjóðnum á verðmæti þeirra hlutabréfa sem sjóðurinn fjárfestir í. Upplýsingar um sölugengi eignarhlutdeildar og breytingar á því er birt jafnóðum hjá Íslenskum verðbréfum hf.

Innifalið í sölugengi er sölubóknun söluaðila. Söluaðili hefur heimild til að innheimta hjá kaupendum afgreiðslugjald að fjárhæð kr. 250.- Kaupendur geta farið fram á útgáfu hlutdeildarskírteinis og er gjald fyrir útgáfu þess kr. 5.000.- Teljast báðar fjárhæðir vera skírteinisgjald.

2.6.2.Innlausnarvirði eignarhlutdeildar

Innlausnarvirði eignarhlutdeildar í sjóðnum er markaðsvirði samanlagðra eigna sjóðsins að frádregnum skuldum hans við innlausn, svo sem skuldum við innlánsstofnanir, ógreiddum umsýslu- og stjórnunarkostnaði, innheimtukostnaði og áföllnum eða reiknuðum opinberum gjöldum, deilt niður á heildarfjölda útgefinna og óinnleysta eignarhluta. Um útreikning á innlausnarvirði og mat á markaðsvirði eigna sjóðsins fer að öðru leyti skv. gildandi reglugerð á hverjum tíma.

Sjóðurinn er skuldbundinn til að innleysa eignarhlutdeild í sjóðnum á kaupgengi sem gildir í dagslok á innlausnardegi. Við innlausn á eignarhlutdeild í sjóðnum er gefin út bráðabirgðakvittun sem tilgreinir fjölda innleysta hluta í sjóðnum. Innlausnarvirði og gengi er tilgreint á uppgjörskvittun sem send er eiganda.

Heimilt er að fresta innlausn eignarhlutdeilda í sjóðnum mæli sérstakar ástæður með því og hagsmunir eigenda hlutdeildarskírteina krefjast þess. Sem dæmi um slík tilvik má nefna lokun kauphalla þar sem verulegur hluti eigna sjóðsins er skráður þannig að ekki reynist unnt að sannreyna innlausnarvirði eignarhlutdeildar. Einnig gæti sjóðurinn staðið frammi fyrir svo miklum kröfum um innlausn að ekki væri unnt að mæta þeim nema með sölu eigna sem tekið gæti einhvern tíma. Frestunin skal vera almenn og taka til allra eignarhluta í sjóðnum.

Frestun á innlausn skal þegar tilkynnt Fjármálaeftirliti og auglýst opinberlega.

2.6.3.Kaup- og sölugengi eignarhlutdeildar

Kaup- og sölugengi eignarhlutdeildar í sjóðnum skal reiknað út a.m.k. einu sinni á hverjum opnunardegi.

Kaup- og sölugengi er birt daglega á vefsvæði Rekstrarfélags verðbréfasjóða ÍV hf., www.rviv.is.

3. Fjárfestingarmarkmið

3.1. Fjárhagslegur tilgangur

Markmið sjóðsins er að ávaxta eignir sjóðsins með því að fjárfesta í erlendum hlutabréfum sem skráð eru í viðurkenndum kauphöllum.

3.2. Fjárfestingarstefna

Sjóðurinn fjárfestir að meginstefnu í hlutabréfum sem skráð eru í kauphöllum þróaðra markaða samkvæmt skilgreiningu MSCI Barra.¹ Hluti af fjárfestingum sjóðsins getur einnig verið í hlutabréfum skráðum í kauphöllum BRIK-landa.² Tilgangurinn er að dreifa áhættu fjárfestinga slíkra sjóða með tilliti til landssvæða, markaðssvæða og gjaldmiðla. Sjóðurinn bindur fjárfestingar ekki við tiltekna atvinnugreinar.

Sjóðnum er heimilt, skv. 2. mgr. 31. gr. laga nr. 128/2011, að eiga til skamms tíma laust fé séu markaðsaðstæður ekki heppilegar til fjárfestinga vegna fjár sem fengist hefur með sölu eignahluta í sjóðnum eða vegna sölu á eignum sjóðsins. Hlutfall reiðufjár má þó ekki nema meira en 10% af eignum sjóðsins, nema slíkt sé til hagsbóta fyrir hlutdeildarskírteinishafa. Framangreint fé er ekki hluti af fjárfestingarstefnu sjóðsins.

Fjárfestingarheimildir sjóðsins takmarkast við sundurliðun fjárfestinga skv. neðangreindri töflu og fjárfestingarheimildum verðbréfasjóða skv. lögum nr. 128/2011 að öðru leyti. Ákvæði laganna sem fjalla um fjárfestingarheimildir verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða er meðal fylgiskjala útboðslýsingarinnar.

Erlent hlutabréfasafn ÍV – Sundurliðun fjárfestinga	
Hlutabréf skráð í kauphöllum þróaðra markaða.	50-100%
Hlutabréf skráð í kauphöllum BRIK-landa.	0-50%

3.3. Takmarkanir á fjárfestingum sjóðsins

Sjóðnum er ekki heimilt að binda meira en 10% af eignum sínum í hlutabréfum einstaka útgefenda. Samtala fjárfestinga sem nema meiru en 5% af virði sjóðsins má ekki vera umfram 40% af stærð hans..

Verðbréfasjóðnum er óheimilt að veita lán eða ganga í ábyrgð fyrir aðra. Þá er verðbréfasjóðnum óheimilt að taka önnur lán en skammtímalán til að standa straum af innlausn hlutdeildarskírteina. Slík lán mega ekki nema meira en sem svarar 10% af eignum sjóðsins eða einstakra deilda innan hans.

Verðbréfasjóðnum er óheimilt að skortselja fjármálagerninga sem ekki eru í eigu hans á þeim tíma sem sala þeirra fer fram.

Verðbréfasjóðnum er óheimilt samkvæmt reglum sem um hann gilda að nýta heimildir laga nr. 128/2011 til þess að stunda viðskipti með afleiður.

Ákvæði laganna sem fjalla um fjárfestingarheimildir verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða er meðal fylgiskjala útboðslýsingarinnar.

¹ Þróaðir markaðir samkvæmt skilgreiningu MSCI Barra í maí 2010 eru: Austurríki, Ástralía Belgía, Kanada, Kýpur, Danmörk, Finnland, Frakkland, Þýskaland, Grikkland, Hong Kong, Ísland, Írland, Ísrael, Ítalía, Japan, Lúxemborg, Holland, Nýja-Sjáláand, Noregur, Portúgal, Singapúr, Spánn, Svíþjóð, Sviss, Bretland og Bandaríkin.

² Brasilía, Rússland, Indland og Kína.

4. Áhætta fjárfesta tengd eignarhlut í sjóðnum

4.1. Hverjir ættu að fjárfesta í sjóðnum?

Sjóðurinn hentar einstaklingum og lögaðilum, svo sem fyrirtækjum, lífeyrissjóðum og stofnunum sem kjósa að fjárfesta í verðbréfasjóðum sem hafa það eingöngu að markmiði að veita viðtöku fjár til sameiginlegrar fjárfestingar á fjármálagerningum og öðrum eignum og dreifa áhættu af slíkri fjárfestingu með áhættudreifingu samkvæmt fyrirfram kunngerðri fjárfestingarstefnu.

Sjóðurinn er ætlaður þeim sem vilja fjárfesta í verðbréfasjóði sem rekinn er af og í umsjón fagaðila eins og þeir eru skilgreindir í lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, háðir opinberu eftirliti Fjármálaeftirlitsins og skyldu um reglulega skýrslugjöf til Fjármálaeftirlitsins um starfsemi þeirra.

Sjóðurinn hentar fjárfestum sem vilja fjárfesta í erlendum hlutabréfum til langs tíma, til a.m.k 5 ára og eru tilbúnir að taka áhættu á verulegum sveiflum í ávöxtun fjárfestinga í von um hærri ávöxtun.

Mat fjárfesta á áhættu sem fólgin er í að kaupa eignarhlutdeild í tilteknum verðbréfasjóði byggir oftast á því að skoða samsetningu eigna verðbréfasjóðsins og skoða sögulega þróun og sveiflur á verðmæti þeirra eigna sem sjóðirnir fjárfesta og nota þá þætti til að meta mögulega framtíðarávöxtun. Slíkt mat þarf þó ekki að gefa rétta vísbendingu um ávöxtun sjóðsins í framtíðinni.

4.2. Áhætta tengd eignarhlut í verðbréfasjóðum um sameiginlega fjárfestingu

Fjárfesting í einstaka hlutabréfi getur falið í sér áhættu sem felst í því að verðmæti fjárfestingarinnar getur staðið í stað, ávöxtun orðið minni en vonast var til eða að verðmæti fjárfestingarinnar verður minna en það var í upphafi, allt eftir eðli og tegund fjárfestingarinnar og aðstæðna á markaði sem ræður verðmæti fjárfestingarinnar.

4.3. Áhættuþættir sem hafa áhrif á verðmæti eignarhlutdeildar í sjóðnum

- a) **Markaðsáhætta** - Margvísleg atvik geta valdið verðlækkun á hlutabréfum og þar með haft áhrif á gengi eignarhlutdeildar í sjóðnum. Meðal þeirra þátta má meðal annars nefna breytingar á framboði eða eftirspurn á eignum sjóðsins þar sem markaðsverð eigna verðbréfasjóðsins ákvarðast af því hvar framboð og eftirspurn mætast. Breytingar geta haft áhrif til hækkunar eða lækkunar á eignum sjóðsins ef verðmæti þeirra ræðst af aðstæðum á markaði.
- b) **Seljanleikaáhætta / lausafjáraáhætta** - Alltaf er fyrir hendi sú hættu að ekki sé unnt að selja hlutabréf þegar nauðsynlegt er að selja. Áhættan felst í því að markaðurinn hvorki kaupir það magn hlutabréfa né á því verði sem til stendur að selja á þar sem t.d. kaupendur eru fáir eða hreinlega ekki til staðar.
- c) **Áhætta vegna eignatengsla hlutafélaga á markaði** – Erlendir og alþjóðlegir hlutabréfamarkaðir eru stórir í sniðum miðað við íslenska hlutabréfamarkaðinn. Engu að síður er ekki hægt að útiloka að eignatengsl félaga á mörkuðum geti haft áhrif á verðmyndun hlutabréfa á markaði. Auk þess geta eignatengsl verið milli einstakra hlutafélaga sem getur leitt til þess að vandamál eða erfiðleikar einstakra félaga hafi víðtækari áhrif en annars myndi verða (*e. ripple effect*).
- d) **Ytri aðstæður** - Svo sem ófyrirséðir atburðir og almennt efnahagsástand. Einnig getur ný eða breytt löggjöf Alþingis, reglur og reglugerðir sem stjórnvöld setja og skyndilegar breytingar á viðskiptaháttum haft veruleg áhrif á gengi hlutdeildarskírteina.
- e) **Uppgjörsáhætta** – Sú áhætta að greiðsla í greiðslukerfi gerist ekki með sama hætti og var vænst vegna þess að mótaðili greiðir eða afhendir ekki á réttum tíma.

-
- f) **Vörsluáhætta** – Sú áhætta sem er fólgin í því að hlutabréf, skráning hlutabréfa í félag eða peningalegar eignir í vörslu geta misfarist eða tapast vegna gjaldþrots, vanrækslu eða sviksamlegra athafna af hálfu vörsluaðila.
- g) **Gengisáhætta** – Eignir sjóðsins sem ekki eru í grunnmynt hans geta rýrnað vegna gengisbreytinga þeirrar myntar á móti grunnmynt.
- h) **Frammistöðuáhætta** – Er til staðar í sjóðnum.
- i) **Önnur atriði** – Athygli fjárfesta er vakin á því að þar sem sjóðurinn bindur fjárfestingar ekki við fjárfestingar í sjóðum sem fjárfesta í tilteknum atvinnugreinum og fjárfestir í hlutabréfum hlutafélaga sem skráð eru í kauphöllum í hinum ýmsum löndum heimsins hvað varðar landfræðilega legu og markaðssvæði, felst mat á áhættuþáttum m.a. í mati sjóðsstjóra á þessum atriðum hverju sinni.

5. Rekstur verðbréfasjóðsins

5.1. Rekstrarfélag verðbréfasjóðsins

- 5.1.1. Rekstrarfélag sjóðsins er Rekstrarfélag verðbréfasjóða ÍV hf. (kt. 491001-2080). Hluthafar félagsins eru tveir. Íslensk verðbréf hf. kt. 610587-1519 með 99,75% hlut og Tækifæri hf. 631299-2299 með 0,25% hlut. Félagið er skráð að og mun hafa aðstöðu hjá Íslenskum verðbréfum hf., Strandgötu 3, 600 Akureyri.
- 5.1.2. Rekstrarfélag verðbréfasjóða ÍV hf. hét áður Íslensk verðbréf – Eignastýring ehf. og sá um rekstur Verðbréfasjóðs ÍV.
- 5.1.3. Rekstrarfélagið rekur Fjárfestingasjóð ÍV, Verðbréfasjóð ÍV, Áskriftarsjóð ríkisverðbréfa, Stuttan skuldabréfasjóð, Langan skuldabréfasjóð, Alþjóðlegan hlutabréfasjóð, Sparisafn ÍV, Eignastýringarsafn ÍV – I, Eignastýringarsafn ÍV – II og Erlent hlutabréfasafn ÍV.
- 5.1.4. Stjórnarmenn rekstrarfélagsins eru þrír: Arnbjörg Sigurðardóttir (stjórnarformaður), Úlfar Hauksson og Ingvar Gíslason. Varamenn eru: Anton Benjamínsson og Guðni Örn Hauksson. Framkvæmdarstjóri félagsins er Jón Helgi Pétursson.
- 5.1.5. Jón Helgi Pétursson lauk B.Sc. prófi frá rekstrardeild Háskólans á Akureyri vorið 1997, MBA námi í “general management” frá The University of Hull 1998 og löggildingarnámi í verðbréfamiðlun frá Háskóla Íslands vorið 2001. Frá 1998-2000 starfaði Jón Helgi sem rekstrarráðgjafi hjá Rekstri og ráðgjöf Norðurlandi ehf., frá 2000-2005 gegndi hann stöðu sparissjóðsstjóra Sparissjóðs Höfðhverfinga, og tók svo við starfi framkvæmdastjóra Rekstrarfélags verðbréfasjóða ÍV hf. í maí 2005.
- 5.1.6. Löggiltir endurskoðendur Rekstrarfélags verðbréfasjóða ÍV hf. er KPMG endurskoðun Akureyri hf, Glerárgötu 24, 600 Akureyri. Hlutfélag Rekstrarfélags verðbréfasjóða ÍV hf. er kr. 16.000.000 (sexstán milljónir) - og hefur allt hlutfélag þegar verið greitt.

5.2. Vörslufyrirtæki Rekstrarfélags verðbréfasjóða ÍV hf.

- 5.2.1. Félagið heitir Íslensk verðbréf hf. kt. 610587-1519 og fékk starfsleyfi verðbréfafyrirtækis 26.5.1995. Um félagið gilda lög nr. 108/2007, um verðbréfavíðskipti, 128/2011, um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestingarsjóði og lög nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki.
- 5.2.2. Framkvæmdastjóri er Einar Ingimundarson og stjórnina skipa: Magnús Gauti Gautason, Stefán Halldórsson og Halldór Halldórsson.
- 5.2.3. Aðsetur félagsins er að Strandgötu 3, 600 Akureyri.
- 5.2.4. Meginstarfsemi Íslenskra verðbréfa hf., samkvæmt samþykktum félagsins er að bjóða viðskiptavinum sínum þjónustu á öllum helstu sviðum verðbréfavíðskipta s.s. á sviði fjárvörslu og eignastýringar, verðbréfamiðlunar, útgáfu verðbréfa, sjóðastýringar og almennrar ráðgjafar við val á sparnaðarleiðum
- 5.2.5. Umsjá og varðveisla fjármálagerna sjóðsins skal falin vörslufyrirtæki skv. 20. gr. laga nr. 128/2011. Vörslufyrirtæki Erlends hlutabréfasafns ÍV er Íslensk verðbréf hf. Fjármunum sjóðsdeilda skal haldið aðgreindum frá fjármunum vörslufyrirtækis.
- Vörslufyrirtæki skal:
1. tryggja að sala, útgáfa, endurkaup, innlausn og ógilding hlutdeildarskírteina verðbréfasjóðs fari samkvæmt lögum og samþykktum sjóðsins
 2. tryggja að innlausnarvirði hlutdeildarskírteina sé reiknað í samræmi við lög
 3. framfylgja fyrirmælum rekstrarfélags verðbréfasjóðs nema þau séu í andstöðu við lög og samþykktir hans
 4. tryggja að í viðskiptum með eignir verðbréfasjóðs sé endurgjald fyrir þær innt af hendi innan eðlilegra tímamarka

-
5. tryggja að tekjum verðbréfasjóðs sé ráðstafað í samræmi við lög og samþykktir sjóðsins

Gerður er skriflegur samningur á milli aðila og er hann uppsegjanlegur af beggja hálfu með eins árs fyrirvara. Óheimilt er að skipta um vörslufyrirtæki nema með samþykki Fjármálaeftirlitsins, sbr. 2. mgr. 21. gr. laga nr. 128/2011.

Vinna og/eða kostnaður sem fellur til hjá vörslufyrirtæki skal innheimt skv. reikningum hjá rekstrarfélagi. Auk þess greiðir Rekstrarfélag verðbréfasjóða ÍV hf. Íslenskum verðbréfum hf. þóknun, 50.000 kr. á mánuði, fyrir eftirlitshlutverk sitt og vörslu varðandi Erlent hlutabréfasafn ÍV.

5.3. Útvistuð verkefni

Gerðir hafa verið samningar við Íslensk verðbréf hf. varðandi útvistun verkefna. Samkvæmt samningunum sjá Íslensk verðbréf hf., um fyrir hönd rekstrarfélagsins:

1. Bókhaldsþjónustu
2. Viðhaldi skrár yfir eigendur hlutdeildarskírteina
3. Útgáfu og innlausn hlutdeildarskírteina
4. Uppgjör viðskipta
5. Þjónustu við viðskiptavinum
6. Kynningu á vörum RVÍV
7. Nýtingu innlendra og erlendra viðskiptasambanda til hagsbóta fyrir RVÍV
8. Áhættustýringu
9. Gengisútreikning sjóða
10. Regluvörslu

Útvistun verkefna hefur ekki áhrif á ábyrgð rekstrarfélags gagnvart eigendum hlutdeildarskírteina sbr. 2. mgr. 18. gr. laga nr. 128/2011.

Kostnaður vegna útvistunar verkefna er greiddur af þeim umsjónarlaunum sem rekstrarfélagið fær af sjóðsdeildunum.

5.4. Rekstrarkostnaður sjóðsins og annar kostnaður

Rekstrarfélag verðbréfasjóða ÍV hf. innheimtir umsýsluþóknun fyrir að annast daglegan rekstur sjóðsins.

Söluaðili hefur heimild til að innheimta hjá kaupendum afgreiðslugjald að fjárhæð kr. 250.- fyrir hver kaup. Kaupendur geta farið fram á útgáfu hlutdeildarskírteinis og er gjald fyrir útgáfu þess kr. 5.000.- Enn fremur getur rekstrarfélagið krafist endurgreiðslu útgjalda sem til falla vegna þriðja aðila og rekstrarfélaginu er heimilt að áskilja sér sanngjarna þóknun fyrir sérstaka þjónustu sem veitt er utan eðlilegra skyldustarfa og telst sjóðnum til hagsbóta.

Öll gjöld og þóknunir dragast frá tekjum og síðan frá verðmætaaukningu eigna og loks frá eignum sjóðsins.

Þóknun Rekstrarfélags verðbréfasjóða ÍV hf. fyrir rekstur sjóðsins skal að hámarki nema 2,5% árlega af meðaltali verðmætis hreinnar eignar sjóðsins meðan hann er starfræktur, en í dag nemur þóknunin 1,5%.

Auk umsýsluþóknunar rennur söluþóknun til söluaðila fyrir sölu eignarhlutdeildar í sjóðnum. Söluþóknun er að hámarki 5,0% af verðmæti hreinnar eignar á hverja

einingu. Söluþóknun endurspeglast í mun kaup- og sölugengis á hverjum tíma og í dag er hún 2,0%. Ekkert innlausnargjald er innheimt við innlausn eininga í sjóðnum.

5.5. Heildarkostnaðarhlutfall sjóðsins

Skv. leiðbeinandi tilmælum nr. 3/2004 ber að birta árlegt heildarkostnaðarhlutfall sjóðs.

Heildarkostnaðarhlutfall sjóðsins fyrir árið 2010 nemur 1,5% af heildareignum sjóðsins.

Heildarkostnaðarhlutfall (HKH) verðbréfasjóðs jafngildir hlutfalli heildarrekstrarkostnaðar af hreinni meðaleignastöðu sjóðs.

Heildarrekstrarkostnaður felur í sér allan kostnað sem kemur til frádráttar í eignum verðbréfasjóðs. Þessi kostnaður er metinn að meðtöldum sköttum sem þýðir að heildarkostnaður er notaður.

Þetta er kostnaður sem felur í sér öll lögmæt útgjöld verðbréfasjóðsins, óháð útreikningsaðferð hans s.s.

- a) Umsýslukostnaður að meðtöldum frammistöðuþóknunum.
- b) Eftirlitsgjöld og skyldar greiðslur.

5.6. Veltuhlutfall verðbréfasafns

Skv. leiðbeinandi tilmælum nr. 3/2004 ber að birta árlegt veltuhlutfall verðbréfasafns verðbréfasjóðs.

Veltuhlutfall sjóðsins fyrir árið 2010 er 17,63.

Velta sjóðs eða sjóðsdeildar er reiknuð með eftirfarandi hætti:

Kaup verðbréfa = X

Sala verðbréfa = Y

Samtala 1 = Heildarvelta verðbréfa = X+Y

Verðmæti útgefina hlutdeildarskírteina/hluta = S

Verðmæti innleystra hlutdeildarskírteina/hluta = T

Samtala 2 = Heildarvelta hlutdeildarskírteina/hluta = S + T

Viðmiðun meðaltals hreinna heildareigna = M

Veltuhlutfall = ((Samtala 1 – Samtala 2)/M) * 100

Reglur

–Erlent hlutabréfasafn ÍV

1. gr.

Heiti sjóðsins.

Nafn sjóðsins er Erlent hlutabréfasafn ÍV. Rekstrarfélag sjóðsins er Rekstrarfélag verðbréfasjóða ÍV hf., kt. 491001-2080, Strandgötu 3, 600 Akureyri.

Sjóðurinn er verðbréfasjóður samkvæmt lögum nr. 128/2011. Sjóðurinn starfar óskiptur og hefur eingöngu heimild til markaðssetningar á Íslandi.

Sjóðurinn var áður í umsjón Rekstrarfélags SPRON. Með ákvörðun FME, dags. 21. mars 2009, tók FME yfir vald hluthafafundar SPRON, vék stjórn frá störfum og skipaði skilanefnd yfir starfsemi SPRON. Með ákvörðuninni lagðist hefðbundin starfsemi niður að verulegu leyti, m.a. var lokað fyrir viðskipti með hlutdeildarskírteini í öllum sjóðum í umsjón Rekstrarfélags SPRON. Með samningi, dags. 25.05.2009, var samið um að Rekstrarfélag verðbréfasjóða ÍV hf. tæki við hlutverki rekstrarfélags sjóðsins af Rekstrarfélagi SPRON og að Íslensk verðbréf hf. tækju við hlutverki vörslufélags af Arion.

2. gr.

Fjárfestingarstefna sjóðsins

Markmið sjóðsins er að ávaxta eignir sjóðsins með því að fjárfesta í erlendum hlutabréfum sem skráð eru í viðurkenndum kauphöllum. Sjóðurinn fjárfestir að meginstefnu í hlutabréfum sem skráð eru í kauphöllum þróaðra markaða samkvæmt skilgreiningu MSCI Barra.³ Hluti af fjárfestingum sjóðsins getur einnig verið í hlutabréfum skráðum í kauphöllum BRIK-landa.⁴ Tilgangurinn er að dreifa áhættu fjárfestinga slíkra sjóða með tilliti til landssvæða, markaðssvæða og gjaldmiðla. Sjóðurinn bindur fjárfestingar ekki við tilteknar atvinnugreinar.

Sjóðnum er heimilt, skv. 2. mgr. 31. gr. laga nr. 128/2011, að eiga til skamms tíma laust fé séu markaðsaðstæður ekki heppilegar til fjárfestinga vegna fjár sem fengist hefur með sölu eignahluta í sjóðnum eða vegna sölu á eignum sjóðsins. Hlutfall reiðufjár má þó ekki nema meira en 10% af eignum sjóðsins, nema slíkt sé til hagsbóta fyrir hlutdeildarskírteinishafa. Framangreint fé er ekki hluti af fjárfestingarstefnu sjóðsins.

Fjárfestingarheimildir sjóðsins takmarkast við sundurliðun fjárfestinga skv. neðangreindri töflu og fjárfestingarheimildum verðbréfasjóða skv. lögum nr. 128/2011 að öðru leyti. Ákvæði laganna sem fjalla um fjárfestingarheimildir verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða er meðal fylgiskjala útboðslýsingarinnar.

³ Þróaðir markaðir samkvæmt skilgreiningu MSCI Barra í maí 2010 eru: Austurríki, Ástralía Belgía, Kanada, Kýpur, Danmörk, Finnland, Frakkland, Þýskaland, Grikkland, Hong Kong, Ísland, Írland, Ísrael, Ítalía, Japan, Lúxemborg, Holland, Nýja-Sjáláland, Noregur, Portúgal, Singapúr, Spánn, Svíþjóð, Sviss, Bretland og Bandaríkin.

⁴ Brasilía, Rússland, Indland og Kína.

Erlent hlutabréfasafn ÍV – Sundurliðun fjárfestinga

Hlutabréf skráð í kauphöllum þróaðra markaða.	50-100%
Hlutabréf skráð í kauphöllum BRIK-landa.	0-50%

3. gr.

Verkefni sjóðsins.

Rekstrarfélag verðbréfasjóða ÍV hf., kt. 491001-2080, fer með rekstur sjóðsins í samræmi við lög nr. 128/2011, um verðbréfasjóði, fjárfestingasjóði og fagfjárfestingsjóði.

Gerðir hafa verið samningar við Íslensk verðbréf hf. varðandi útvistun verkefna. Samkvæmt þeim samningum sjá Íslensk verðbréf hf., um fyrir hönd rekstrarfélagsins:

- a. Bókhaldsþjónustu
- b. Viðhaldi skrár yfir eigendur hlutdeildarskírteina
- c. Útgáfu og innlausn hlutdeildarskírteina
- d. Uppgjör viðskipta
- e. Þjónustu við viðskiptavinum
- f. Kynningu á vörum RVÍV
- g. Nýtingu innlendra og erlendra viðskiptasambanda til hagsbóta fyrir RVÍV
- h. Áhættustýringu
- i. Gengisútreikning sjóða
- j. Regluvörslu

Rekstrarfélag verðbréfasjóða ÍV hf. sér um að útbúa og senda efnahags- og rekstrarreikninga samkvæmt lögum til endurskoðanda. Í lok hvers mánaðar sér Rekstrarfélag verðbréfasjóða ÍV hf. um að greiða umsýsluþóknun fyrir sjóðina.

4. gr.

Vörslufyrirtæki sjóðsins.

Umsjá og varðveisla fjármálagerna sjóðsins skal falinn vörslufyrirtæki. Vörslufyrirtæki sjóðsins er Íslensk verðbréf hf. Gerður er skriflegur samningur á milli aðila og er hann uppsegjanlegur af beggja hálfu með árs fyrirvara. Óheimilt er að skipta um vörslufyrirtæki nema með samþykki Fjármálaeftirlitsins.

Að gættum skilyrðum 2. mgr. 22. gr. laga nr. 128/2011 er vörslufyrirtækinu heimilt að fela öðru fyrirtæki varðveislu verðbréfa sjóðsdeilda að hluta eða öllu leyti.

5. gr.

Þóknunir.

Þóknun Rekstrarfélags verðbréfasjóða ÍV hf. fyrir rekstur sjóðsins skal að hámarki nema 2,5% árlega af meðaltali verðmætis hreinnar eignar sjóðsins meðan hann er starfræktur, en í dag nemur þóknunin 1,5%.

Auk umsýsluþóknunar rennur sölubóknun til söluaðila fyrir sölu eignarhlutdeildar í sjóðnum. Sölubóknun er að hámarki 5,0% af verðmæti hreinnar eignar á hverja einingu. Sölubóknun endurspeglast í mun kaup- og sölugengis á hverjum tíma og í dag er hún 2,0%. Ekkert innlausnargjald er innheimt við innlausn eininga í sjóðnum.

6. gr.

Útgáfa hlutdeildarskírteina og innlausn þeirra.

Allir, sem eiga hlutdeild að sjóðnum, eiga sama rétt til eigna og tekna hans í hlutfalli við eign sína.

Hlutdeildarskírteini verða gefin út af Íslenskum verðbréfum til þeirra sem fá sjóðnum fjármuni til ávöxtunar og óska eftir því. Hlutdeildarskírteini verða send þeim sem þess óska í ábyrgðarpósti eigi síðar en 30 dögum eftir að kaupin eiga sér stað og söluaðili hefur gefið út kvittun. Hlutdeildarskírteini sjóðsins verða einungis seld gegn staðgreiðslu kaupverðs.

Eignarhlutdeild í sjóðnum skal seld eða innleyst að kröfu eigenda á því kaupgengi sem gildir í dagslok á innlausnardegi. Heimilt er að fresta innlausn hlutdeildarskírteina, mæli sérstakar ástæður með því og hagsmunir eigenda hlutdeildarskírteina krefjast þess, enda séu skilyrði laga nr. 128/2011, uppfyllt.

Beiðni um kaup og innlausn á hlutum, sem Rekstrarfélagi verðbréfasjóða ÍV hf. berast fyrir kl. 14:00 á virkum degi, ber að afgreiða á þriðja opunardegi (T+3). Beiðnir, sem berast eftir fyrrgreinda tímasetningu, tilheyra næsta opunardegi og ber að afgreiða á þriðja opunardegi þaðan í frá (T+3).

7. gr.

Ráðstöfun arðs og annars hagnaðar.

Arði og öðrum hagnaði af verðbréfaeign sjóðsins skal bætt við höfuðstól sjóðsins.

8. gr.

Útreikningur á innlausnarvirði hlutar.

Innlausnarvirði hlutdeildarskírteina eða eignarhlutdeildar í sjóðnum er markaðsvirði samanlagðra eigna verðbréfasjóðsins að frádregnum skuldum hans við innlausn, svo sem skuldum við innlánsstofnanir, ógreiddum umsýslu- og stjórnunarkostnaði, innheimtukostnaði og áföllnum eða reiknuðum opinberum gjöldum, deilt niður á heildarfjölda útgefinna og óinnleysta hlutdeildarskírteina. Um útreikning á innlausnarvirði og mat á markaðsvirði eigna fer að öðru leyti skv. gildandi reglugerð á hverjum tíma.

9. gr.

Um slit sjóðsins og samruna við aðra sjóði.

Fari markaðsvirði samanlagðra eigna sjóðsins undir kr. 100.000.000 skal stjórn rekstrarfélags sjóðsins kanna hagkvæmni þess að slíta sjóðnum fyrir hlutdeildarskírteinishafa eða sameina hann öðrum sjóði eða sjóðum.

Ákvörðun um slit eða samruna sjóðsins skal tekin af stjórn Rekstrarfélags verðbréfasjóða ÍV hf. Tilkynna skal ákvörðun sérhverjum eiganda eignarhlutdeildar um ákvörðunina með bréfi en með því skulu vera upplýsingar um eign hans í sjóðnum. Ákvörðunin skal einnig auglýst í dagblöðum.

Tilkynning til eigenda eignarhlutdeildar skal eftir atvikum annað hvort hafa að geyma skilmálaskrá um slit á sjóðnum eða samrunaskrá um samruna sjóðsins við annan eða aðra

sjóði er lýst. Þar skal tilgreina dagsetningu gildistöku slitanna eða samrunans. Tilkynningin skal að lágmarki send út þremur (3) vikum fyrir fyrirhuguð slit eða samruna.

Í þeim tilfellum þar sem um samruna sjóðs er að ræða við aðra sjóði skal í fyrrgreindri tilkynningu benda eigendum eignarhlutdeildar í sjóðnum á að á framangreindu tímabili geti eigendur eignarhlutdeildar sem ekki eru samþykkið samrunanum krafist innlausnar á allri eignarhlutdeild sinni í sjóðnum samkvæmt þeim skilmálum sem gilda um innlausn.

Komi til slita sjóðsins skal Rekstrarfélag verðbréfasjóða ÍV hf. koma eignum sjóðsins í verð með hagsmunum hlutdeildarskírteinishafa í fyrirrúmi. Skal hreinum afrakstri af slíkum slítum, að frádregnum öllum kostnaði þeim tengdum, deilt niður á hlutdeildarskírteinishafa í réttu hlutfalli við fjölda eininga í eigu hvers þeirra. Rekstrarfélaginu er heimilt að deila niður eignum sjóðsins í heild eða að hluta til með framsali á verðbréfum til hlutdeildarskírteinishafa (e. *'distribution in kind'*), á sanngjarnan hátt. Endurskoðandi sjóðsins skal staðfesta skiptingu eigna.

Afrakstur uppgjors sjóðsins sem enn er ógreiddur eftir lok skiptameðferðar, skal falinn rekstrarfélaginu til vörslu um sex mánaða tíma. Við lok þessa tímabils skulu eignir sem ekki hefur verið gerð krafa til, faldar Íslenskum verðbréfum til vörslu, í þágu þeirra er í hlut eiga.

10. gr.

Breytingar á reglum sjóðsins

Rekstrarfélag verðbréfasjóða ÍV hf. fer með æðsta vald í málefnum sjóðsins, setur honum reglur, sbr. 11. gr. laga nr. 128/2011 og getur gert breytingar á þeim. Breytingar á reglum sjóðsins öðlast ekki gildi fyrr en að fenginni staðfestingu Fjármálaeftirlitsins sbr. 3. mgr. 11. gr. sömu laga.

Akureyri 16. desember 2011

F.h. stjórnar Rekstrarfélags verðbréfasjóða ÍV hf.

Ákvæði laga nr. 128/2011
um verðbréfasjóði og fjárfestingasjóði
um fjárfestingarheimildir verðbréfasjóða

Um fjárfestingarheimildir verðbréfasjóða er fjallað í II. kafla laganna undir lið f.:

F. Fjárfestingarheimildir.

30. gr.

Fjármálagerningar og innlán.

Fjárfestingarheimildir samkvæmt þessum kafla taka til verðbréfasjóðs eða, sé hann deildaskiptur skv. 12. gr., til einstakra deilda hans. Verðbréfasjóði er eingöngu heimilt að binda fé sitt í eftirtöldu:

1.
 - Framseljanlegum verðbréfum og peningamarkaðsgerningum sem uppfylla eftirtalin skilyrði:
 - a.
hafa verið skráð eða tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði samkvæmt skilgreiningu laga um kauphallir,
 - b.
ganga kaupum og sölum á öðrum markaði innan Evrópska efnahagssvæðisins sem er opinn almenningi, starfar reglulega, lýtur opinberu eftirliti og er viðurkenndur með þeim hætti sem Fjármálaeftirlitið metur gildan, og/eða
 - c.
hafa verið skráð eða tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins eða ganga kaupum og sölum á öðrum markaði í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins sem er opinn almenningi, starfar reglulega, lýtur opinberu eftirliti og er viðurkenndur með þeim hætti sem Fjármálaeftirlitið metur gildan.
2.
Nýútgefnum verðbréfum, enda sé í skilmálum vegna útgáfu þeirra skuldbinding um að sótt verði um skráningu verðbréfanna á skipulegum verðbréfamarkaði skv. 1. tölul. Skráning verðbréfa samkvæmt þessu ákvæði skal fara fram eigi síðar en 180 dögum frá útgáfu þeirra.
3.
Hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða. Einnig er heimilt að fjárfesta í skírteinum annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu enda sýni verðbréfasjóðir fram á það með fullnægjandi hætti að mati Fjármálaeftirlitsins að þeir lúti sambærilegu eftirliti og verðbréfasjóðir, samstarf Fjármálaeftirlitsins og lögbærra yfirvalda heimaríkis sjóðsins sé tryggt með fullnægjandi hætti, vernd hlutdeildarskírteinishafa sé tryggð með sambærilegum hætti og í verðbréfasjóðum, einkum er varðar innlausnarrétt, vörslufyrirtæki, lánveitingar, lántökur og skortsölu, og gefin sé út ársskýrsla og árshlutauppgjör að minnsta kosti á sex mánaða fresti. Óheimilt er að fjárfesta í verðbréfasjóðum og öðrum sjóðum um sameiginlega fjárfestingu sem fjárfesta, samkvæmt reglum sínum, meira en 10% eigna sinna í hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða eða hlutdeildarskírteinum eða hlutabréfum annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu.

4.

Innlánnum fjármálafyrirtækja sem hafa staðfestu í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins. Þó er verðbréfasjóði heimilt að binda fé í innlánnum fjármálafyrirtækja með staðfestu utan Evrópska efnahagssvæðisins sýni hann fram á með fullnægjandi hætti að mati Fjármálaeftirlitsins að fjármálafyrirtækin búi við sambærilegar reglur um áhættu og eftirlit og gilda innan Evrópska efnahagssvæðisins. Innlán samkvæmt þessum tölulíð verða að vera endurgreiðanleg að kröfu innlánseiganda með að hámarki tólf mánaða binditíma.

5.

Afleiðum sem skráðar eru á skipulegum verðbréfamarkaði samkvæmt skilyrðum 1. tölul. Viðmið afleiðna skulu vera fjárfestingarheimildir samkvæmt þessari grein, verðbréfavísitölur, vextir, gengi erlendra gjaldmiðla eða gjaldmiðlar sem verðbréfasjóðnum er heimilt að fjárfesta í samkvæmt ákvæðum reglna sjóðsins.

6.

Afleiðum utan skipulegra verðbréfamarkaða. Viðmið afleiðna skulu vera fjárfestingarheimildir samkvæmt þessari grein, verðbréfavísitölur, vextir, gengi erlendra gjaldmiðla eða gjaldmiðlar sem verðbréfasjóðnum er heimilt að fjárfesta í samkvæmt ákvæðum reglna sjóðsins. Gagnaðilar verðbréfasjóðs í slíkum afleiðuviðskiptum skulu lúta eftirliti sem Fjármálaeftirlitið metur gilt. Verðmæti slíkra samninga skal vera unnt að reikna daglega með áreiðanlegum hætti. Tryggt skal að hægt sé að selja slíka samninga samdægurs á raunvirði hverju sinni.

7.

Peningamarkaðsgerningum sem viðskipti eru með utan skipulegra verðbréfamarkaða.

31. gr.

Aðrar eignir.

Þrátt fyrir ákvæði 30. gr. er verðbréfasjóði heimilt að binda sem svarar allt að 10% af eignum sínum í óskráðum framseljanlegum verðbréfum og peningamarkaðsgerningum.

Verðbréfasjóði er óheimilt að eiga meira en 10% í reiðufé eða auðseljanlegum eignum á hverjum tíma, nema slíkt sé til hagsbóta fyrir hlutdeildarskírteinishafa. Slíkar eignir mega þó ekki vera hluti af fjárfestingarstefnu sjóðsins.

Verðbréfasjóður getur óskað eftir heimild Fjármálaeftirlitsins til að eiga meira en 10% í reiðufé eða seljanlegum eignum.

32. gr.

Yfirtaka eigna og hrávörur.

Verðbréfasjóði er heimilt án takmarkana að yfirtaka eignir til að tryggja fullnustu kröfu. Eignirnar skulu seldar jafnskjótt og það er talið hagkvæmt og eigi síðar en innan níu mánaða frá yfirtöku eignanna. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að veita lengri frest sé það í þágu hagsmuna hlutdeildarskírteinishafa.

Verðbréfasjóði er óheimilt að fjárfesta í hrávörum eða heimildarskírteinum fyrir þeim.

33. gr.

Eftirlit með áhættu.

Rekstrarfélög skulu hafa yfir að ráða eftirlitskerfi sem gerir þeim kleift að vakta, meta og stýra áhættu einstakra eigna og eignasafns verðbréfasjóða á hverjum tíma. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að setja nánari reglur um slíkt eftirlitskerfi.

34. gr.

Afleiðuviðskipti.

Verðbréfasjóði er ávallt skylt að eiga hæfilegar og nægjanlega verðmætar eignir á móti metnu hámarkstapi af afleiðu. Til grundvallar slíku mati skal taka mið af verðmæti undirliggjandi eigna, mótaðilaáhættu, ytri aðstæðum á fjármálamörkuðum og þeim tíma sem það tekur að fullnusta eða selja viðkomandi afleiðusamning.

Verðbréfasjóði er heimilt að eiga viðskipti með afleiður svo fremi sem samanlögð áhætta afleiðna og undirliggjandi eigna sé undir þeim mörkum sem um getur í 35. gr. Eftirlitskerfi skv. 33. gr. skal meta með fullnægjandi hætti virði afleiðna utan skipulegra verðbréfamarkaða.

Verðbréfasjóðir skulu gera Fjármálaeftirlitinu reglulega grein fyrir afleiðuviðskiptum sínum í því formi sem Fjármálaeftirlitið ákveður.

Viðskipti með afleiður mega ekki verða til þess að verðbréfasjóður víki frá fjárfestingarstefnu sinni eins og hún er sett fram í reglum sjóðsins og útboðslýsingu.

Ef verðbréf eða peningamarkaðsgerningur felur í sér afleiðu skal tekið mið af því þegar kröfur samkvæmt þessari grein eru uppfylltar.

35. gr.

Hámark fjárfestingar í framseljanlegum verðbréfum og innlánnum sama útgefanda.

Verðbréfasjóði er óheimilt að binda:

1. meira en 10% af eignum sínum í verðbréfum og peningamarkaðsgerningum útgefnum af sama útgefanda, eða

2. meira en 20% af eignum sínum í innlánnum sama fjármálafyrirtækis.

Mótaðilaáhætta vegna afleiðna utan skipulegra verðbréfamarkaða má ekki vera umfram:

1. 10% af heildareignum sjóðs þegar mótaðili er fjármálafyrirtæki innan Evrópska efnahagssvæðisins eða fjármálafyrirtæki utan þess sem lýtur eftirliti sem Fjármálaeftirlitið metur gilt,

2. 5% af heildareignum sjóðs þegar mótaðili er annar en fjármálafyrirtæki skv. 1. tölul., en lýtur þó eftirliti sem Fjármálaeftirlitið metur gilt.

Fjárfesti verðbréfasjóður meira en 5% í verðbréfum útgefnum af sama útgefanda skal samtala slíkra fjárfestinga ekki fara yfir 40% af eignum sjóðsins. Við útreikning samtölu skal ekki litið til innlána hjá fjármálafyrirtæki eða afleiðna sem gerðar eru utan skipulegra verðbréfamarkaða þegar mótaðili er fjármálafyrirtæki sem lýtur eftirliti sem Fjármálaeftirlitið metur gilt.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. má heildarfjárfesting í viðskiptum við sama aðila, í verðbréfum, peningamarkaðsgerningum, innlánnum og afleiðusamningum utan skipulegra verðbréfamarkaða, samtals ekki fara yfir 20% af eignum sjóðsins.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 1. mgr. er verðbréfasjóði heimilt að binda allt að 35% af eignum sínum í verðbréfum og peningamarkaðsgerningum sem eitt eða fleiri ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins eða sveitarfélög þeirra, alþjóðlegar stofnanir, sem eitt eða fleiri þessara ríkja eru aðilar að, eða ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins

gefa út eða ábyrgjast. Fjárfesting í einni og sömu verðbréfaútgáfunni má ekki nema hærri fjárhæð en sem svarar til 30% af eignum verðbréfasjóðs. Ekki skal tekið tillit til verðbréfa samkvæmt þessari málsgrein þegar reiknuð er samtala fjárfestinga skv. 3. mgr.

Takmarkanir skv. 1.–5. mgr. er óheimilt að leggja saman. Verðbréfasjóði er því óheimilt að binda meira en 20% af eignum sínum í verðbréfum, peningamarkaðsgerningum, innlánnum eða afleiðum sama útgefanda eða 35% af verðbréfum og peningamarkaðsgerningum sama útgefanda, sbr. 5. mgr.

Aðilar sem teljast til sömu samstæðu skulu teljast einn aðili við útreikning samkvæmt þessari grein.

Samanlögð eign sjóðsins í verðbréfum útgefnum af aðilum tengdum rekstrarfélaginu eða móðurfélagi þess, sbr. lög um fjármálafyrirtæki, skal ekki vera meiri en 20% af eign sjóðsins.

Samanlögð eign sjóðsins í verðbréfum útgefnum af öðrum tengdum aðilum, sbr. lög um fjármálafyrirtæki, skal ekki vera meiri en 20% af eign sjóðsins.

Traust verðbréf skv. 38. gr. eru undanþegin ákvæðum 8. og 9. mgr.

Um skyldu rekstrarfélaga til þess að tengja saman aðila fer eftir lögum um fjármálafyrirtæki.

36. gr.

Vísitölusjóðir.

Þrátt fyrir ákvæði 35. gr. er verðbréfasjóði heimilt að fjárfesta allt að 20% af eign sjóðsins í hlutabréfum eða skuldabréfum sama útgefanda ef markmið fjárfestingarstefnu samkvæmt reglum sjóðsins er að endurspeglar tiltekna hlutabréfa- eða skuldabréfavísitölu. Vísitalan skal hafa fullnægjandi áhættudreifingu, birt opinberlega og endurspeglar viðkomandi markað með fullnægjandi hætti.

Fjármálaeftirlitið getur hækkað heimild skv. 1. mgr. í 35% ef vægi eins útgefanda í vísitölunni er meira en 20%. Fjárfesting yfir 20% er aðeins leyfð í hlutabréfum eða skuldabréfum eins útgefanda.

37. gr.

Peningamarkaðssjóðir.

Fjárfestingarheimildir peningamarkaðssjóða takmarkast af 35. gr.

Peningamarkaðssjóði er eingöngu heimilt að fjárfesta í peningamarkaðsgerningum eins og þeir eru skilgreindir í lögum þessum, afleiðum tengdum þessum gerningum og innlánnum, sbr. 4. tölul. 30. gr.

Hámarkslíftími einstakra verðbréfa skal ekki vera lengri en 397 dagar og meðallíftími eignasafns peningamarkaðssjóðs má að hámarki vera 180 dagar.

38. gr.

Traust verðbréf.

Fjármálaeftirlitið getur heimilað verðbréfasjóði að binda allt að 100% af eignum sínum í verðbréfum og peningamarkaðsgerningum skv. 5. mgr. 35. gr. telji Fjármálaeftirlitið það samrýmanlegt hagsmunum eigenda hlutdeildarskírteina.

Fjárfestingar verðbréfasjóðs skv. 1. mgr. skulu dreifast á að minnsta kosti sex mismunandi verðbréfaútgáfur og má fjárfesting í einni og sömu verðbréfaútgáfu ekki nema hærri fjárhæð en sem svarar til 30% af eignum verðbréfasjóðs.

Skýrt skulu koma fram í reglum verðbréfasjóðs og útboðslýsingu þau ríki, sveitarstjórnir eða alþjóðastofnanir sem gefa út eða ábyrgjast verðbréf eða peningamarkaðsgerninga sem sjóðurinn hyggst fjárfesta í skv. 1. mgr.

39. gr.

Fjárfestingar í hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða.

Verðbréfasjóði er heimilt að fjárfesta í hlutdeildarskírteinum annarra verðbréfasjóða og annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu. Þó skal verðbréfasjóður ekki binda meira en 20% af eignum sínum í hlutdeildarskírteinum einstakra verðbréfasjóða eða fjárfestingarsjóða.

Heildarfjárfesting verðbréfasjóðs í hlutdeildarskírteinum fjárfestingarsjóða má ekki fara yfir 30% af eignum verðbréfasjóðs.

Verðbréfasjóði eða einstakri deild hans er óheimilt að fjárfesta meira en 50% af eign sinni í hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða innan sama rekstrarfélags.

40. gr.

Takmarkanir á eignasafni.

Verðbréfasjóði er óheimilt að eignast meira en:

1. 10% af hlutabréfum án atkvæðisréttar í einstöku hlutafélagi,
2. 10% af skuldaskjölum einstakra útgefenda verðbréfa, þó aldrei umfram 25% í hverri útgáfu,
3. 25% af hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóðs og annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu,
4. 10% af peningamarkaðsgerningum einstakra útgefenda.

41. gr.

Lán og ábyrgðir.

Verðbréfasjóði er óheimilt að veita lán eða ganga í ábyrgð fyrir aðra, sbr. þó heimildir skv. 30. gr. Þó er heimilt að veita verðbréfalán sem hluta af eðlilegri áhættustýringu. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að setja nánari reglur um verðbréfalán verðbréfasjóða.

Verðbréfasjóði er óheimilt að taka önnur lán en skammtímalán til að standa straum af innlausn hlutdeildarskírteina. Slík lán mega ekki nema meira en svarar 10% af eignum sjóðsins eða einstakra deilda innan hans.

42. gr.

Skortsala.

Verðbréfasjóði er óheimilt að selja fjármálagerninga sem ekki eru í eigu hans á þeim tíma sem sala þeirra fer fram.

43. gr.

Ráðstafanir til úrbóta.

Fari fjárfesting verðbréfasjóðs fram úr leyfilegum mörkum samkvæmt lögum þessum skal Fjármálaeftirlitinu án tafar tilkynnt um það og skulu þegar gerðar ráðstafanir til úrbóta og skal lögmæltu hámarki í síðasta lagi náð innan þriggja mánaða. Fjármálaeftirlitið getur þó í einstökum tilvikum heimilað lengri frest enda sé það augljóslega í þágu eigenda hlutdeildarskírteina.